

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Sandasker, Dýrafirði, Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Nýtt deiliskipulag. Frístundasvæði við Sandasker, Dýrafirði.

Frístundahúsabyggðin er merkt F25 í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og er norður af Svalvogavegi. Alls verður leyfilegt að byggja 5 frístundahús á sér lóðum með sérstakri áherslu á vistvæna uppbyggingu og með sjálfbærni að leiðarljósi.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 21. nóvember 2018.

Axel Rodriguez Överby skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2018